



Nr. 7/2022
2. mars 2022

Halli á viðskiptajöfnuði 44,2 ma.kr. á fjórða ársfjórðungi 2021 – hrein staða við útlönd jákvæð um 40,2% af landsframleiðslu

Á fjórða ársfjórðungi 2021 var 44,2 ma.kr. halli á viðskiptajöfnuði við útlönd. Það er 61,2 ma.kr. lakari niðurstaða en ársfjórðunginn á undan og 67,6 ma.kr. lakari en á sama fjórðungi árið 2020. Halli á vöruskiptajöfnuði var 38,7 ma.kr. en 20,1 ma.kr. afgangur var af þjónustujöfnuði. Halli á frumþáttatekjum var 15,5 ma.kr. og 10,1 ma.kr. á rekstrarframlögum (tafla 1).

Þetta kemur fram í nýbirtum upplýsingum á vef Seðlabanka Íslands sem sýna bráðabirgðayfirlit yfir greiðslujöfnuð við útlönd á fjórða ársfjórðungi 2021 og erlenda stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.¹

Tafla 1. Greiðslujöfnuður (ma.kr.)

	<u>2020/4</u>	<u>2021/1</u>	<u>2021/2</u>	<u>2021/3</u>	<u>2021/4</u>
Viðskiptajöfnuður	23,5	-23,8	-39,2	17,0	-44,2
Vöruskiptajöfnuður	-15,5	-21,0	-56,3	-47,7	-38,7
Þjónustujöfnuður	26,0	-8,3	22,6	60,4	20,1
Jöfnuður frumþáttatekna	21,5	13,0	2,1	12,0	-15,5
Rekstrarframlög, nettó	-8,5	-7,6	-7,6	-7,7	-10,1
Jöfnuður fjárframlaga	-0,9	-0,7	-0,8	-0,5	-0,9
Fjármagnsjöfnuður	-1,5	9,6	-1,2	90,3	-50,8
Bein fjárfesting	-5,5	31,9	16,0	-15,8	-51,8
Verðbréf	49,8	-131,9	30,1	79,7	36,2
Afleiður	-0,8	-0,9	2,6	4,4	4,8
Önnur fjárfesting	7,2	31,4	-63,2	-32,6	-38,0
Gjaldeyrisforði	-52,2	79,0	13,4	54,7	-1,9
Skekkjur og vantalið, nettó	-24,0	34,1	38,7	73,8	-5,7

Helsta ástæða fyrir lakari niðurstöðu viðskiptajafnaðar miðað við sama ársfjórðung árið 2020 er lakari niðurstaða frumþáttatekna um sem nemur 27,6 ma.kr. Halli á jöfnuði frumþáttatekna mælist nú eftir viðvarandi afgang frá öðrum ársfjórðungi 2015. Að mestu leyti skýrist það af bættri afkomu fyrirtækja í erlendri eigu sem flokkast undir beina fjárfestingu.² Einnig voru vöruviðskipti lakari um sem nemur 23,2 ma.kr., að mestu vegna kröftugri vöruinnflutnings. Þjónustuviðskipti voru

¹ Sjá töflur um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu þjóðarbúsins í talnaefni í Hagtölum á www.seðlabanki.is

² Jákvæð afkoma innlendra fyrirtækja í erlendri eigu mælist sem gjöld í viðskiptajöfnuði.

lakari um sem 5,9 ma.kr.³ Halli rekstrarframlaga var 1,6 ma.kr. meiri en á sama fjórðungi árið 2020.

Halli á viðskiptajöfnuði fyrir árið 2021 í heild nam 90,2 ma.kr. samanborið við 24,1 ma.kr. afgang árið á undan. Halli á vöruskiptajöfnuði var 163,7 ma.kr. en afgangur á þjónustujöfnuði var 94,8 ma.kr. Frumþáttatekjur skiluðu 11,6 ma.kr. afgangi en rekstrarframlög 33 ma.kr. halla.

Í lok ársfjórðungsins var hrein staða við útlönd jákvæð um 1.299 ma.kr. eða 40,2% af vergri landsframleiðslu (VLF) og batnaði um 45 ma.kr. eða 1,4% af VLF á fjórðungnum. Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 5.099 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 3.801 ma.kr. Á fjórðungnum lækkaði staðan um 51 ma.kr. vegna fjármagns- viðskipta en erlendar eignir hækkuðu um 18 ma.kr. vegna þeirra og skuldir um 70 ma.kr. Virði eigna hækkaði á ársfjórðungnum um 123 ma.kr. vegna gengis- og verðbreytinga en skuldir lækkuðu um 27 ma.kr. Gengis- og verðbreytingar bættu því hreina erlenda stöðu um 150 ma.kr. Verð á erlendum verðbréfamörkuðum hækkaði um tæp 7% milli fjórðunga og verð á bréfum á innlendum hlutabréfamaarkaði hækkaði um 2%. Gengi krónunnar hækkaði um 1,1% miðað við gengis- skráningarvog.

Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)

	Staða í lok 2021/3	Fjármagns- jöfnuður	Gengis- og verðbreytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok 2021/4
Erlendar eignir, alls	4.952	18	123	7	5.099
Bein fjárfesting	797	5	-1	7	808
Verðbréf	2.611	65	135	0	2.811
Afleiður*	8	-9	7	0	7
Önnur fjárfesting	597	-42	-5	0	550
Gjaldeyrisforði	939	-2	-14	0	923
Erlendar skuldir, alls	3.698	70	-27	60	3.801
Bein fjárfesting	1.044	57	-2	49	1.148
Verðbréf	1.655	29	-31	-2	1.650
Afleiður*	17	-12	11	0	16
Önnur fjárfesting	983	-4	-5	13	987
Hrein staða þjóðar- búsins	1.254	-51	150	-53	1.299
% af VLF	38,8%	-1,6%	4,6%	-1,6%	40,2%

*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.

³ Sjá á [vef Hagstofunnar](#).